

3. gr.

Í kafla 4 — SJÓNFLUGSREGLUR — verða eftirfarandi breytingar:

Grein 4.6 byrji þannig: Við sjónflug skal fylgja fyrirmælum 3.6:

Grein 4.7 endi þannig: Ath. — Sjá athugasemdir sem fylgja 3.3.1.1.2.1 c) og 3.6.5.1.

4. gr.

Í kafla 5 — BLINDFLUGSREGLUR — verða breytingar í eftirfarandi greinum:

Í grein 5.2.1 breytast 3.5 í 3.6.

Í grein 5.3.2 breytist 3.5.5.1 í 3.6.5.1.

Í grein 5.3.3 breytist 3.5.3 í 3.6.3 og 3.5 í 3.6.

5. gr.

Í VIÐAUKA A — MERKI, breytist athugasemd í kafla 2.1 „MERKI EINELTI-LOFTFARS OG VIÐBRÖGÐ EINELTS LOFTFARS“, „viðbrögð einelts loftfars“ þannig:

Ath. Um viðbótaraðgerðir hins einelta loftfars er mælt fyrir í 3. kafla, 3.8.

REGLUGERÐ**um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.****1. gr.**

Hlutverk Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er að draga úr áhrifum verðsveiflna, er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins.

Lögheimili Verðjöfnunarsjóðs og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Verðjöfnunarsjóður skiptist eftir tegundum afurða í eftirgreindar deildir, er hafa aðskilinn fjárhag:

1. Deild fyrir frystar fiskafurðir, þar með taldar frystar sjávarafurðir skeldýra og krabbadýra.
2. Deild fyrir saltfiskafurðir.
3. Deild fyrir afurðir sildar- og fiskimjölsverksmiðja (mjöl og lýsi).
4. Deild fyrir skreiðarafurðir.
5. Deild fyrir saltsildarafurðir.

3. gr.

Ráðherra skipar stjórn Verðjöfnunarsjóðs til fjögurra ára í senn á þann hátt, sem hér segir:

Fimm stjórnarmenn sitja í stjórn allra deilda Verðjöfnunarsjóðs, þar af skulu þrír stjórnarmanna skipaðir án tilnefningar, einn maður samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands og einn maður eftir tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Ráðherra skipar tvo menn í stjórn hverrar deildar eftir tilnefningu hagsmunasamtaka í þeirri grein fiskiðnaðarins, sem í hlut á. Taka þeir sæti í stjórninni, þegar fjallað er um málefni deildarinnar, svo sem við ákvörðun um verðgrundvöll. Þeir skulu tilnefndir þannig:

1. Í deild fyrir frystar fiskafurðir: Einn maður eftir tilnefningu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og einn maður eftir tilnefningu sjávarafurðadeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga.
2. Í deild fyrir saltfiskafurðir: Tveir menn eftir tilnefningu Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda.
3. Í deild fyrir afurðir sildar- og fiskimjölsverksmiðja: Tveir eftir tilnefningu Félags íslenskra fiskmjölsframleiðenda.
4. Í deild fyrir skreiðarafurðir: Einn maður eftir tilnefningu Samlags skreiðarframleiðenda og einn maður samkvæmt sameiginlegri tilnefningu nokkurra stærstu skreiðarframleiðenda og útflytjenda, sem standa utan Samlags skreiðarframleiðenda, eftir nánari ákvörðun ráðherra.

Verði þessir aðilar ekki sammála um tilnefningu þannig að frá þeim komi tillögur um fleiri en einn mann, skal ráðherra hafa frjálst val um skipun þessa fulltrúa úr þeim hópi.

5. Í deild fyrir saltsildarafurðir: Einn maður eftir tilnefningu Félags sildarsaltenda á Norður- og Austurlandi og einn maður eftir tilnefningu Félags sildarsaltenda á Suður og Vesturlandi.

Ráðherra skipar formann sjóðsstjórnar. Ráðherra ákveður þóknun sjóðsstjórnarinnar og skiptingu kostnaðar á deildir.

4. gr.

Seðlabanki Íslands hefur á hendi rekstur Verðjöfnunarsjóðs undir eftirliti sjóðsstjórnar, þ. á m. innheimtu, greiðslur, reikningsfærslu og ávöxtun inneigna. Endurskoðendur reikninga Seðlabankans hafa á hendi endurskoðun reikninga sjóðsins.

Hver deild Verðjöfnunarsjóðs skal hafa sjálfstæðan fjárhag.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

5. gr.

Formaður boðar fundi með hæfilegum fyrirvara. Hann stýrir atkvæðagreiðslum, sér um færslu gjörðarbókar og annast fundarstjórn að öðru leyti.

Í gjörðabók skal færa ákvarðanir stjórnar og skýrslu um annað það, sem gerist á fundi.

Fundur stjórnar er ályktunarfær, ef helmingur stjórnarmanna er á fundi, enda sé til hans boðað með lögmatum hætti og minnst öðrum fulltrúa hvors hagsmunaaðila (þ. e. veiða og vinnslu), sé fært að mæta.

6. gr.

Sjóðsstjórninni er heimilt að ráða sér ritara, sem skal annast ritun fundargerða og önnur verkefni, er stjórnin felur honum.

Heimilt er sjóðsstjórninni að kveðja aðra menn en stjórnarmenn á fund, stjórninni til ráðuneytis um einstök málefni, svo og að ráða sérfræðinga til starfa að tilteknum viðfangsefnum, eftir því, sem þurfa þykir.

7. gr.

Tekjur Verðjöfnunarsjóðs skulu nema allt að þremur fjórðu hlutum af verðhækkun, sbr. 9. og 10. gr., sem verður á heim afurðum fiskiðnaðarins til útflutnings, sem reglugerð þessi nær til. Renna þessar tekjur til viðkomandi deilda sjóðsins.

Við upphaf framleiðslutímabils, sem sjóðsstjórnin ákveður, er henni heimilt að ákveða þann hluta áætlaðrar verðhækkunar, sem innheimta skal jafnóðum af útflutningsandvirðinu. Breyta má þessari ákvörðun á framleiðslutímabilinu. Skulu greiðsl-

ur þessar innheimtar við gjaldeyrisskil til banka eða hjá sölusamtökum fiskiðnaðarins á gjalddögum, sem sjóðsstjórnin ákveður.

Þegar sölu á afurðum framleiðslutímabilsins er lokið, skal endanlegt uppgjör fara fram á greiðslum til sjóðsins samkvæmt reglugerð þessari.

8. gr.

Til greiðslu verðbóta úr Verðjöfnunarsjóði kemur, þegar meðalverð framleiðslu til útflutnings af einhverri þeirra útflutningsafurða fiskiðnaðarins, sem reglugerð þessi nær til, hefur lækkað á grundvelli eins árs eða framleiðslutímabils, sbr. 9.—11. gr. Verðbætur skulu þó aldrei nema meiru en þremur fjórðu hlutum verðlækkunarinnar og ekki umfram það fé, sem viðkomandi deild ræður yfir, þegar til greiðslu verðbóta kemur.

Greiðsla úr Verðjöfnunarsjóði samkvæmt 1. mgr. er gjaldkræf, þegar endanlegt uppgjör á sölu afurða framleiðslutímabilsins liggur fyrir. Þó er sjóðsstjórninni að fengnu samþykki ráðherra heimilt að inna fyrr af hendi greiðslu upp í væntanlegar verðbætur samkvæmt 1. mgr.

9. gr.

Sjóðsstjórnin ákveður viðmiðunarverð og gerir tillögu til ráðherra um verðbil og hlutföll þau, er greiðslur í eða úr sjóðnum miðast við, sbr. 7. og 8. gr. reglugerðarinnar.

Að fenginni samþykkt sjóðsstjórnar, tekur ráðherra afstöðu til þeirra atriða, sem greinir í 1. mgr. þessarar greinar, sbr. 9. og 10. gr. laga nr. 72/1969, sbr. 1. gr. laga nr 45/1975, um breyting á þeim lögum.

10. gr.

Við ákvörðun viðmiðunarverðs skal sjóðsstjórnin einkum hafa hliðsjón af verðlagi þriggja undanfarinna ára, svo og af niðurstöðum Verðlagsráðs sjávarútvegsins um afkomu framleiðslunnar, þó þannig, að tekið sé tillit til sérstakra ástæðna, svo sem óvenjulegra breytinga á erlendum mörkuðum, gengisbreytinga og annarra hliðstæðra atvika. Sjóðsstjórnin ákveður myndun sérreikninga fyrir einstakar framleiðslutegundir innan deilda.

Ákveða má, að hlutföll greiðslna í eða úr sjóðnum sbr. 7. og 8. gr. séu föst eða stigbreytileg miðað við hlutfallslega breytingu verðs og heildaraflamagns. Enn fremur má ákveða, að verðbreytingar að vissu marki frá viðmiðunarverði, þ. e. verðbil, hafi ekki í för með sér skyldu til greiðslu í eða úr sjóðnum.

11. gr.

Hafi verðfall afurða, er falla undir ákvæði reglugerðar þessarar, orðið svo mikið, að hagkvæmara þyki að færa notkun veiðiskipa eða vinnslutækja yfir til annarra veiða eða vinnslu, getur ráðherra ákveðið, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, að bæta skuli upp verð viðkomandi afurða með hliðsjón af þeim bótum, er fallið hefðu á óbreyttar veiðar eða vinnslu með hlutaðeigandi tækjum.

Ákvarðanir samkvæmt 9.—11. gr. skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaði. Ákvarðanir samkvæmt 7. gr. skulu birtar í Lögbirtingablaði.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins ásamt lögum nr. 99 31. desember 1975 um breyting á þeim lögum og lögum nr. 106 31. desember 1974 um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 123 8.

júlí 1971 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og reglugerð nr. 106 6. apríl 1976, um breyting á þeirri reglugerð.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. september 1978.

Kjartan Jóhannsson.

Jón L. Arnalds.

AUGLÝSING

um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundhöll Selfoss.

Ráðuneytið hefur staðfest nýja gjaldskrá fyrir Sundhöll Selfoss:

Fullorðnir í laug	kr.	230.00
Börn í laug	—	80.00
Baðstofa og laug	—	450.00
Afsl. full. 10 skipti	—	1 500.00
Afsl. barna 10 skipti	—	500.00
Afsl. baðst. 10 skipti	—	3 500.00
Leiga	—	180.00
Baðst. fjölsk. tímar	—	1 000.00
Baðst. hópar	—	1 700.00 per. mán.
Baðst. hópar	—	230.00 per. skipti

Auglýsing þessi birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. september 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.